



# FRANSKA 2A05

## Námsáætlun, haustönn 2023

### Kennari

Eva Leplat Sigurðsson

### Netfang

[eva.sigurdsson@borgo.is](mailto:eva.sigurdsson@borgo.is)

### Lýsing

Áhersla er áfram á alla færniþætti, tal, hlustun, lestur og ritun. Áframhaldandi nám er í málfræði og uppbyggingu málsins (ný málfræðiatríði eru m.a. ýmis fornöfn, framtíð, þátíðin imparfait og munur hennar og passé composé). Hlustunar- og talæfingar eru á dagskrá eins og áður. Aukin áhersla er á þjálfun mismunandi lestrarlags með lestri margvíslegra texta og orðaforði nemenda og lesskilningur þannig efldur. Nemendur rita texta af ýmsu tagi, m.a. um liðna atburði og framtíðaráform. Sem fyrr eru nemendur fræddir um frönskumælandi þjóðir og menningu þeirra og vinna í því sambandi stutt þemaverkefni sem þeir kynna hver fyrir öðrum. Auknar kröfur eru um sjálfstæð vinnubrögð, m.a. hvað varðar notkun orðabóka og annarra uppflettirita.

### Þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið:

Að nemendur

- hafi náð skýrum framburði og eðlilegu hljómfalli og blæbrigðum í lestri og tali
- hafi enn styrkt málfræðigrunn sinn
- hafi aukið verulega við orðaforða sinn
- geti lesið franskt ritmál af ýmsu tagi um margvísleg efni, m.a. blaðgreinar og bókmenntatexta
- geti skilið franskt talmál af margvíslegum toga
- geti tjáð sig munnlega á frönsku við allar algengar aðstæður og tekið þátt í samræðum
- geti skrifað flóknari gerðir texta

hafi enn bætt skilning sinn á Frakklandi, frönskumælandi löndum og menningu.

### Námsmat

**20%** 1. hlutapróf orðaforði – lesskilningur - málnotkun

**20%** 2. hlutapróf orðaforði – lesskilningur - málnotkun

**15%** kynningar

**15%** vídeó

**15%** munnleg verkefni

**15%** hlustun

### Aðrar mikilvægar upplýsingar

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá yfir **4,5** í meðaleinkunn. Einnig verður nemandi að taka próf eitt og tvö og skila vídeó-verkefni til að standast áfangann.

Nemendur sem eru veikir eða með gilda afsökun eiga möguleika á að taka það próf sem þeir misstu af í námsmatstíma fljótlega á eftir eða í samráði við kennara.

Þegar kennslan fer á Zoom verða nemendur að vera með hljóð og mynd.



**Námsgögn**

INNA og ýmis gögn frá kennara

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
33	18. ágúst		<i>Nýnemadagur</i>
34	21.-25. ágúst	Présentation du cours	
35	28. ágúst - 1. sept.	La ville (1)	
36	4.-8. sept.	Une histoire	
37	11.-15. sept.	imparfait	
38	18.-22. sept.	Passé et présent	<b>próf 1</b>
39	25.-29. sept.	La maison L'habitation	
40	2.-6. okt.	Rencontres	<i>Heilsudagur Undirb./úrv. Vörðuvika I</i>
41	9.-13. okt.	Pays et villes francophones	<b>kynningar</b>
42	16.-20. okt.	La nature	
43	23.-25. okt.	Les loisirs	<i>Hausthlé fimmtud. og föstud.</i>
44	30. okt. - 3. nóv.	La ville (2) ou la campagne	
45	6.-10. nóv.	Le centre-ville ou la banlieue	<i>Undirb./ Vörðuvika úrv II.</i>
46	13.-17. nóv.	L'assassin habitait à côté I	<b>hlustun</b>
47	20.-24. nóv.	L'assassin habitait à côté II	<b>próf 2</b>
48	27. nóv. - 1. des.	L'assassin habitait à côté III	
49	4.-8. des.	Préparation vidéo	
50	11.-13. des.	Préparation vidéo og bland í poka	<b>videó</b> <i>Síðasti kennsludagur</i>

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*